

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 14. janúar 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakóbína Björnsdóttir og Karl Þórsson sem bæði voru á símalínunni. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi í rekstri og stjórnun í matvælaíðnaði

Lögð fram beiðni um mat á rekstri og stjórnun í matvælaíðnaði.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að gr. 10.2.1 eigi ekki við þar sem krafist er háskólamenntunar í starfi samkvæmt gr. 10.2.4.

2. Mat á námi garðyrkjufraeðings

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum. Starfsheiti er garðyrkjustjóri.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. með samanlögðum námskeiðum.

3. Mat á námi frístundaleiðbeinanda

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum í íslenskum og erlendum skólum. Starfsheiti er frístundaleiðbeinandi og starfsmaður í skóla með stuðning.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. með íslenskunámi frá HÍ.

4. Mat á námi starfsmanns í skóla með stuðningi

Lögð fram beiðni um mat á námi frá ntv og Borgarholtsskóla. Starfsheiti er starfsmaður í skóla með stuðning.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. með námi í bókasafnstækni.

5. Mat á námi skólaritara

Lögð fram beiðni um mat á námi frá HÍ og erlendum háskóla. Starfsheiti er skólaritari II.

Varðandi BA/BS nám úr háskóla þarf viðkomandi sveitarfélag að taka ákvörðun um hvort meta beri það nám með vísan til gr. gr. 10.2.5 í kjarasamningi aðila. Það nám fellur ekki undir gr. 10.2.1.

6. Mat á námi skólaliða

Lögð fram beiðni um mat á námi í HÍ. Starfsheiti er skólaliði.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. vegna náms í tólmstundafræði frá HÍ.

7. Mat á námi sundlaugarvarðar

Lögð fram beiðni um mat á námi frá erlendum háskóla. Beiðni hefur verið send til Enic/Naric á Íslandi um mat á náminu. Starfsheiti er sundlaugarvörður.

Að mati Enic/Naric er námið sambærilegt 180 ECTS eininga námi við íslenska háskóla, þ.e. bakkalárprófum á 5.2 í hæfniramma um íslenska menntun.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3.

Varðandi BA/BS nám úr háskóla þarf viðkomandi sveitarfélag að taka ákvörðun um hvort meta beri það nám með vísan til gr. gr. 10.2.5 í kjarasamningi aðila.

8. Mat á námi matráðs

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsbrautum. Starfsheiti er matráður IV.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem námskeið er um 40 kest. og uppfyllir því ekki skilyrði um 150 kest. námskeið.

9. Mat á námi skólaliða

Lögð fram beiðni um mat á valgreinanámskeiði/sérhæfninámskeiði fyrir starfsfólk í blönduðum störfum í skólum, 160 kest. Starfsheiti er skólaliði.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

10. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk

Lögð fram beiðni um mat á náminu „Stress management“ frá Sverigehälsan. Starfsheiti er starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. fyrir námskeiðið.

11. Mat á námi starfsmanns á leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á námi úr Kvikmyndaskóla Íslands og Menntaskólanum í Kópavogi. Starfsheiti er starfsmaður á leikskóla.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. fyrir námskeiðið.

12. Mat á námi starfsmanns í mötuneyti

Lögð fram beiðni um mat á námi úr tveimur námsleiðum. Starfsheiti er aðstoðarmatráður.

Málið skoðað betur og afgreiðslu frestað.

13. Mat á námi starfsmanns í búsetu fatlaðra

Lögð fram beiðni um mat á námi úr Handverks- og hússtjórnarskóla. Starfsheiti er starfsmaður í búsetu fatlaðra.

Niðurstaða starfspróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. fyrir námskeiðið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2019 kl. 9:30